



Fréttatilkynning

20 October 2023 16:00:00 GMT

Arion banki hf.: Tilkynning vegna upphafs nýtingartímabils áskriftarréttinda ARIONW24

Þann 9. mars 2021 gaf Arion banki hf. út áskriftarréttindi (ARIONW24) fyrir 54.000.000 hlutum í Arion banka hf. með ISIN IS0000032761. Nú er komið að fyrsta nýtingartímabili áskriftarréttinda ARIONW24 af fjórum, sem hefst í kjölfar birtingar á uppgjöri Arion banka hf. vegna þriðja ársfjórðungs 2023 (Q3 2023), þann 26. október nk. Skráðir eigendur áskriftarréttindanna hafa þá þrjátíu (30) daga til þess að nýta áskriftarréttindin, eða til og með 25. nóvember 2023.

Áskriftargengið er meðaltal dagslokagengis 25. og 26. febrúar 2021, kr. $120 \times (1 + 8,0/100)^t$, þar sem t merkir tímann frá útgáfu áskriftarréttindanna og þar til þau eru nýtt (reiknað með því að deila fjölda daga miðað við 30 daga í mánuði með 360). Áskriftargengið sætir leiðréttingu komi til arðgreiðslna, hlutafjárhækkana eða annarra sambærilegra atburða í bankanum. Í dag er uppreiknað áskriftargengi 118,93 kr. en tekur áfram breytingum skv. framansögðu til þess dags er áskriftarréttindin kunna að vera nýtt.

Komi til nýtingar áskriftarréttinda ARIONW24 mun uppgjör eiga sér stað þegar nýtingartímabili lýkur. Arion banki hf. mun gefa út nýja hluti í félaginu sem jafngilda fjölda þeirra áskriftarréttinda sem nýtt verða í samræmi við heimild samkvæmt viðauka nr. 2, sbr. grein 3.5 í samþykktum félagsins. Hlutafjárhækkunin verður tilkynnt til og skráð af Fyrirtækjaskrá Skattsins og nýir hlutir gefnir út af Nasdaq verðbréfamiðstöð.

Skráðum eigendum áskriftarréttinda ARIONW24 er bent á að hafa samband við það fjármálafyrirtæki sem er vörsluaðili áskriftarréttinda þeirra til að fá upplýsingar um hvernig þeir geta nýtt áskriftarréttindi sín.

Ákveði fjárfestir að nýta áskriftarréttindin þá er það alfarið á hans ábyrgð og áhættu, s.s. áhætta af skattlagningu og opinberum gjöldum sem koma til vegna áskriftarréttinda við nýtingu og síðari sölu undirliggjandi hlutabréfa.

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760 eða Haraldar Guðna Eiðssonar, forstöðumanns samskiptasviðs, haraldur.eidsson@arionbanki.is, s. 856 7108.



Viðhengi

[Arion banki hf.: Tilkynning vegna upphafs nýtingartímabils áskriftarréttinda ARIONW24](#)